

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulaginu „Ylströnd við Urriðavatn“, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 20. september 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi ylstrandar við Urriðavatn á Fljótsdalshéraði, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 7. október 2015. Breytingin er á þá vegu að byggingarreitur verði rýmkaður svo hann þoli minniháttar tilfærslur á byggingunni. Enn fremur þarf að færa til hjóla- og göngustíg sem liggur fyrir utan eldri byggingarreitinn og skilgreina að staðsetningin sé leiðbeinandi.

Óveruleg breyting deiliskipulagsins var samþykkt í sveitarstjórn, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 22. september 2016.

Vífill Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2016